



Reykjanesbæ 29. október 2019

Málsnúmer 2019020400

Aðgerðaráætlun gegn hávaða (2018-2023) - Minnisblað skipulagsfulltrúa

Aðgerðaráætlun gegn hávaða 2018-2023 var auglýst og óskað eftir umsögnum og ábendingum. Auglýsingatíma lauk 26. ágúst s.l. óskað var umsagnar HES og Suðurnesjabæjar. Ein umsögn barst en fjórar ábendingar og kvartanir frá almenningi. Umsögn Suðurnesjabæjar var jákvæð.

Ábendingar og kvartanir voru vegna flugvélahávaða annarsvegar og hávaða frá gagnaverum hinsvegar. Engar kvartanir bárust vegna umferðarhávaða.

Skýrslan fjallar um aðgerðir vegna flugvélahávaða og ekki er laðar til breytingar á þeim kafla.

Skýrslan fjallar ekki um hávaða frá gagnaverum en þegar hefur verið brugðist við með breytingum á deiliskipulagi Vogshóls og Sjónarhóls (AT12) svo lægri hávaðamörk eru sett á starfsemi á svæðinu en giltu áður. Unnið er í mælingum og tillögum til þess að draga úr hávaða eða óþægindum vegna þeirrar starfsemi sem þegar á sér stað á svæðinu.

Það er mat undirritaðs að umsagnir og athugasemdir við Aðgerðaáætlun sé ekki þess eðlis að það kalli á endurskoðun eða breytingu á skýrslunni

Virðingarfyllt,

Gunnar Kr Ottósson arkitekt
Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæ